



Starfsáætlun

Leikskólinn Dalur

Skólaárið 2024 – 2025



Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.


Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
	Skólastarfið í Dal.....	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3	Innra mat Gulu Lindar.....	8
	3.1 Umbótaáætlun Gulu lindar 2024-2025.....	9
4	Innra mat Rauðu Lindar	10
	4.1 Umbótaáætlun Rauðu lindar 2024-2025	11
5	Innra mat Grænu Lindar	12
	5.1 Umbótaáætlun Grænu lindar 2024-2025	13
6	Innra mat Bláu Lindar	14
	6.1 Umbótaáætlun Bláa lindar 2024-2025.....	15
7	Innra mat sérkennslu.....	17
8	Þróunar- og nýbreytnistarf.....	18
9	Símenntunaráætlun.....	18
10	Foreldrasamstarf.....	19
	10.1 Foreldraráð	19
	10.2 Foreldrafélag.....	20
11	Öryggismál.....	20
12	Fylgigögn.....	20
	12.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	20

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið var viðburðaríkt að venju í leikskólanum. Stærstu breytingarnar voru líklega þær að leikskólastjórinn hætti störfum en hún hefur starfað sem leikskólastjóri í Dal frá stofnun hans árið 1998. Hún hefur stýrt skólanum við góðan orðstír og í Dal er góður og fjölbreyttur starfsmannahópur. Nýr leikskólastjóri hóf störf í janúar. Á vordögum hættu 2 deildarstjórar vegna aldurs og 2 nýir og upprennandi tóku við keflinu.

Þróunarverkefnið Matið mitt -Mat barna á leikskólanum Dal var unnið skólaárið 2023-2024. Matsbók barnsins er byggð upp þannig að einfalt á að vera fyrir kennara að grípa í hana með barninu og foreldrum þess. Bókin á að auðvelda kennurum að ná fram sjónarmiðum barna í leikskólastarfinu. Veita börnunum fleiri tækifæri til að tjá sig um leikskólastarfið, hafa áhrif á nám sitt í skólanum og taki þátt í mati á eigin námi. Bókin var prófuð síðastliðinn vetur og mun fara í meiri notkun á komandi skólaári.



Breytingar á Aðalnámskrá leikskóla eru stærsta verkefnið okkar á líðandi og komandi skólaári. Vægi sjálfsprottins leiks fær meiri athygli, við ætlum að vinna markvisst með hann og dýpka okkur í því starfi. Einnig er sú nýbreytni að deildirnar gera sína eigin matsáætlun. Við vonum að með því gerum við starfið á deildunum markvissara og sýnilegra. Á komandi skólaári munum við nýta skipulagsdaga í undirbúningsvinnu fyrir nýja skólanámskrá Dals.

Skólastarfið í Dal

Skólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Læsi á stóran sess í starfinu ásamt ýmsum hefðum.

Einkunnarorð leikskólans Dals eru virðing, ábyrgð og sjálfstæði.

Markmið skólans er að virðing sé borin fyrir öllum þeim sem að leikskólanum koma. Við berum virðingu fyrir hvert öðru jafnframt því að bera ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum.

Virðing	Ábyrgð	Sjálfstæði
Fyrir sjálfum sér	Á sjálfum sér	Í vali
Fyrir öðrum	Á vali sínu	Í skoðunum
Fyrir tilfinningum	Á gerðum sínum	Í tjáningu
Fyrir umhverfinu	Á orðum sínum	Í verkum

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Innra mat á að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiðs skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem út af standa.

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Í matsteymi Dals eru aðstoðarskólastjóri, starfsmaður af hverri deild og foreldri. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna, foreldra og barna. Í ár höfum við ákveðið að færa innra matið meira á deildirnar, þar sem hver deild gerir sitt innra mat með 2-3 markmið fyrir komandi skólaár. Þá gerir deildin greinargerð um veturinn sem leið og matsáætlun fyrir komandi skólaár. Með þessu vonumst við til að matið verði markvissara og skili sér enn betur í betra starfi. Deildarstjóri ber ábyrgð á að fylgja matinu eftir.

Niðurstöður úr matsáætlun 2023-2024

Nokkrir umbótaþættir voru settir fram í starfsáætlun 2023-2024 og var markvisst unnið að þeim á síðasta skólaári. Í yfirlitinu hér fyrir neðan má sjá árangur umbótastarfsins.

Viðfangsefni/markmið	Hvernig fór matið fram?	Viðmið um árangur Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Mat á námssviðinu sköpun og menning.	Nýttur var spurningalisti frá Kópavogsbæ	Starfsmenn	Sjá niðurstöður frá deildum.
Mat barna þróunarverkefni.	Finna fjölbreyttar leiðir til að börnin geti metið starfið.	Flestir starfsmenn skólans, foreldrar og börn.	Matsbók barnsins fór í prufuvinnu á skólaárinu. Kennarar í samstarfi við börn og foreldra prófuðu bókina til að þróa hana fyrir framtíðarnotkun í matstarfi í Dal. Bókin fer í fulla notkun næstkomandi vetur.
Umhverfismennt – með tilliti til nýrrar flokkunarstefnu hjá Kópavogsbæ.	Að vinnulýsingar séu endurskoðaðar og aðstaða verði til að flokka, með tilliti til nýrrar umhverfisstefnu Kópavogsbæjar	Að flokkunarkerfi sé í samræmi við nýtt flokkunarkerfi höfuðborgarsvæðisins. Starfsmenn og börn	Gengur vel en alltaf má gera betur og viljum við auka þátttöku barna í flokkun enn frekar.



Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virkja deildarstjóra	Að deildarstjórar taki meiri ábyrgð á sínu starfsfólki og sinni deild	Skoða þróunarstarf Marbakka. Starfslýsingar. Fundir með deildarstjórum Snerpusamtöl leikskólastjóra við deildarstjóra	Leikskól astjóri	Sept	maí	Skýrslur, starfslýsingar, viðtöl	Að deildarstjórar finni til ábyrgðar og vald eflist í starfi.
Dagskipulag	Að nýta rými skólans betur, minni hópar, markvissara starf,	Hópar inni og úti á sama tíma, skipta upp barnahópnum og nýta sameiginleg svæði skólans betur	Aðstoða rleikskól astjóri	Sept	Maí	Deildarfundir. Skráning Sept, janúar, maí	Að dagskipulag ið hafi fengið betra flæði og unnið í minni hópnum.
Skólanámskrá	Gera nýja skólanámskrá. Fyrri er komin til ára sinna.	Vinna að skólanámskrá í samstarfi við starfsmenn skólans með tilliti til breytinga á Aðalnámskrá leikskóla	Leikskól astjóri	Sept	Maí	Starfsmenn lesa í undirbúnin g fyrir skipulagsdag þar sem unnið verður markvisst með skólanámskrána	Ný skólanámskrá rá fyrir haust 2025
Fundarskipulag	Setja upp markvissa fundaráætlun fyrir skólaárið	Gera áætlun sem er sýnileg og markviss.	Aðstoða rleikskól astjóri	Sept	Maí	Gera skipulag i líkingu við skóladagatal nema fyrir fundi.	Skilar sér í markvissu starfi, ýtir undir lærdómssa mfélag kennara.

3 Innra mat Gulu Lindar

Veturinn 2023-2024 voru 25 börn á Gulu lind. Átta börn fædd 2018, sex börn fædd 2019 og ellefu börn fædd 2020.

Aðlögun gekk vel og börnin voru fyrstu vikunnar að læra að vera í sínum hópum. Hver hópur var með lýðræðislega kosningu um hvað hópurinn þeirra ætti að heita og hóparnir fengu nöfnin Gullhópur(2018), Blettatígrar(2019) og Kanínuhópur(2020). Daglegt starf var vel skipulagt og deildinni var skipt niður yfir daginn í minni hópa.

Samverustundum var skipt í tvennt. Hópastarfið var byggt upp á stærðfræði, læsi og félagsfærni. Við lögðum áherslu á að skapa ró og næði inni á deildinni með að fækka

börnum í hópa og nýta svæðin betur. Við vorum með markmið að bæta okkur í vettvangsferðum og því var lagt upp með að fara í vettvangsferð einu sinni til tvisvar í mánuði. Einnig var lögð áhersla á að fara í heimsókn á Lindasafn, 2019 og 2020 skiptust á að fara í hverri viku.



Gullhópur var í reglulegum heimsóknum og hópastarfi í Lindaskóla. Það samstarf gekk mjög vel og börnunum þótti gaman að fá að kynna Lindaskóla, þar sem flest þeirra munu byrja haustið 2024. Við teljum mikilvægt að halda því samstarfi áfram á næsta skólaári. Einnig fóru þau í ýmsar ferðir; Þjóðleikhúsið, Árbæjarsafn, Alþingi og fleiri staði. Útskriftin var haldin hátíðleg í leikhúsinu fyrir ofan leikskólann þar sem börnin sungu þrjú lög og fengu viðurkenningarskjal og medalíu. Góð mæting var og allir fóru alsælir heim.

Blettatígrar fóru í heimsókn í Grasagarðinn og kynntust plönturíki Íslands og fengu fræðslu um skordýr. Blettatígrar hafa verið að fara aðra hvora viku í Lindasafni og hina vikuna í vettvangsferðum.

Kanínuhópur vann með vináttu og lærðu um fugla, liti, læsi og stærðfræði. Kanínuhópur fór í margar vettvangsferðir og fór aðra hvora viku í sögustund í Lindasafni. Í hópastarfi hefur verið áhersla á að læra Lubba hljóðin og að börnin læri sitt hljóð.

Niðurstöður umbótaáætlunar árið 2023/2024:

Þættir sem Gula lind ákvað að vinna betur með veturinn 2023-2024 voru eftirfarandi;

Sjálfs hjálp: Við vildum leggja meiri áherslu á sjálfs hjálp og sjálfræði barnanna. Sérstaklega í matartímum, fataherbergi og samverustundum. Það var gert með því að ræða við þau um viðeigandi klæðnað í mismunandi veðráttu og hvetja þau að klæða sig sjálf. Yngstu börnin þurftu strax mikla hvatningu, sem hefur borið ágætan árangur.

Vettvangsferðir: Lagt var upp með að fara í þær tvisvar í mánuði með hvern hóp. Það gekk ágætlega en betur þegar fór að vora, var farið oftar í vettvangsferðir. Í vettvangsferðunum var umhverfi okkar skoðað og til dæmis var farið að Búdda styttunni við Lindakirkju og á ærslabelginn við Salaskóla nú í vor.

Málörvun/samverustundir: Lagt var upp með að tvískipta samverustundum í eldri og yngri fyrir hádegismatinn til að auka rými og efla rólegheit í þessum stundum. Teljum við að vel hafi tekist til með það sem hefur sýnt sig að samverustundirnar eru markvissari og við sjáum að vellíðan barnanna hefur aukist með því að minnka hópana.

3.1 Umbótaáætlun Gulu lindar 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst og lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Gæði í samskiptum við aðra	Ýta undir náungakærleika, leggja áherslu á að vera góð hvert við annað, umhyggju, hjálpa hvort öðru og skiptast á. Námsefnið Blær	Fróði	Byrja haust 2024, en lokið vor 2025	Námsefnið Blær samtöl við börnin, bækur tengdar samskiptum. Minni barnahópar. Skráningar kennara	Að það sé markvisst unnið með minni hópa, Börn sýni framför í samskiptum við aðra t.d með að sýna umhyggju fyrir öðrum og hjálpsemi.
	Auka vísinda og sjálfbærnis	Hafa viðeigandi efnivið tiltækan, smásjá,	Fróði	Byrja haust 2024 og	Uppeldisfræðilegar skráningar, mat barna,	Að börnin hafa fengið rík tækifæri til að uppgötva og upplifa

Sjálfbærni og vísindi	efnivið inni á deild	stækkunargler og vasaljós. Gera fleiri tilraunir, rækta mismunandi plöntur.		lokið 2025	safna gögnum frá starfinu eins og myndir og myndbönd.	sjálfbærni og vísindi í daglegu starfi samhliða því að kynna fjölbreyttum efnivið og leiðum.
Fataherbergi	Auka sjálfstæði, sam hjálp og sjálfshjálp barnanna, að þau klæði sig sjálf.	Leyfa þeim að gera sjálf og styðja við og hvetja áfram. Sjónrænt skipulag.	Steinn og Elvur	Byrja haust 2024 og lokið 2025	Horfa á árangur hverju sinni. Uppeldislegar skráningar og samtöl.	Að börnin auki sjálfstæði og sjálfsbjörg og geta metið sjálf hvernig þau klæðast eftir veðri. Með hliðsjón af aldri og þroska.

4 Innra mat Rauðu Lindar

Leikskólaárið 2023-2024 voru 25 börn á Rauðu lind; 10 börn fædd 2018, 8 börn fædd 2019 og 7 börn fædd árið 2020.

Yngstu börnin voru mjög spennt að koma á elstu deild og því gekk allt mjög vel. Eldri hóparnir voru líka spenntir fyrir að takast á við ný verkefni og vildu helst byrja sem fyrst í hópastarfi. Börnunum var skipt í hópana eftir aldri og völdu nafn á sinn hóp með lýðræðislegri kosningu. Við reyndum að búa til gott rými fyrir leik barnanna, sem veitir barninu



bestu tækifæri til að styrkjast í félagslegri færni og þar sem hægt er að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Við höfðum afnot af salnum einu sinni í viku. Þar settum við upp þrautabrautir sem efla þolið og barnið fær útrás fyrir hreyfiþörf sína og kynna hugtökum eins og undir, yfir og fleiri. Einnig var farið í hreyfileiki eða unnið með holukubba. Listaskála



höfum við mest notað til að vinna verkefni tengd mismunandi þemavinnu yfir veturinn, ennfremur var unnið að listsköpun inni á deild. Mjög oft fengu börnin að velja hvað þau vildu gera og völdu mest að mála.

Í hópastarfi voru unnin ýmis verkefni, þematengd eins og jólin, þorrinn, fuglar og fleira. Gerð

var tilraun með hreinlæti, til dæmis hvað tekur langan tíma fyrir brauðsneið að mygla ef óþvegnar hendur snerta hana eða vel þvegnar hendur. Einnig töluðum við um matarsóun og vigtuðum og skráðum það sem var hent. Niðurstöður voru ræddar og hugmyndir um hvað við gætum gert betur. Hópastarfið var misjafnt milli hópa, fór eftir áhugahvöt barnanna. Yngstu börnunum fannst gaman að fá klippiverkefni og æfðu þannig gripið um skæri og einnig um blýant með því að teikna. Miðhópur vann líka margt við hæfi en hópurinn í vetur er búinn að vera mjög áhugasamur og finnst gaman að leysa ýmis verkefni. Elstu börnin vildu takast á við allskonar skrifleg verkefni og fannst mjög gaman að reikna. Þau fóru í ýmsar ferðir eins og í Þjóðleikhúsið, Árbæjarsafn, Alþingi og ýmislegt fleira. Einnig fóru þau reglulega í heimsókn í Lindaskóla þar sem þau fóru í Demantabæ og tóku þátt í nokkrum kennslustundum 1.bekkjá. Allir hóparnir fóru í Lubba en misdjúpt eftir aldri.

4.1 Umbótaáætlun Rauðu lindar 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst og lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að börnin þjálfist í jákvæðari samskiptum	Hengja upp sjónrænu spjöldin sem fylgja Blæ	Adda	Haut 24-vor 25	Skráning og safna gögnum.	Að börnin verði leiknari í góðum samskiptum.
Sjálfbærni og vísindi	Kynnast mismunandi eiginleikum efna/hluta	Búa til vísinda/uppfinninga kassa. Rækta og gera fleiri tilraunir. Nýta ljósaborð meira.	Elfa	Haut 24-vor 25	Mat að vori hvernig til tókst	Að börnin fái að prófa ólíkar leiðir til að rannsaka umhverfi og náttúru.

Fataherbergi	Að börnin verði sjálfstæðari að klæða sig sjálf.	Fara með smærri hópa í einu og reyna sjónrænt skipulag fyrir þá sem þurfa.	Eva	Haust 2024- des 2024	Árangur metinn í Des og svo aftur að 6 mánuðum	Að börnin verði meira sjálfbjarga í fataherbergi.
--------------	--	--	-----	----------------------------	--	---

5 Innra mat Grænu Lindar

Leikskólaárið 2023-2024 voru 17 börn á Grænu lind; 8 börn fædd 2020 og 9 fædd 2021.

Aðlögun gekk vel.

Hópastarfið á Grænu lind er aldursskipt og

byrjaði eldri árgangurinn í september en yngri hópurinn í október. Hópastarfið gekk mjög vel og börnin áhugasöm og virk. Í hópastarfinu var unnið markvisst með „Lubbi finnur málbein“ og heimaþekkingu, einnig nýttum við vináttubangsann Blæ og notuðum hann í hvíldinni. Stundum var taskan hans skoðuð og gafst þá mikið tækifæri til að spjalla.

Foreldraviðtöl eru einu sinni á skólaárinu og oftast sé þess óskað. Gerð er TRAS málþroskaskráning hjá börnunum og í framhaldi er boðað í foreldrasamtal.

Í miðrými leikskólans er salur sem við nýttum okkur einu sinni í viku, þar gefst tækifæri til að fara í þrautabrautir og allskonar frjálsa og skipulagða leiki.

Listaskálann getum við einnig nýtt okkur einu sinni í viku en við höfum þennan veturinn kosið að fara með listsköpunina inn á deildina, ná frekar í efnivið í listaskálann og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Farið var út daglega nánast í hvaða veðri sem er, á vordögum fórum



við nokkrum sinnum í gönguferðir, vorum í allskonar verkefnum, tíndum rusl á degi Jarðar, flokkuðum og



settum í réttar ruslafötur. Við fórum með litaspjöld og form og fundum samstæður í umhverfinu, þetta þótti börnunum mjög skemmtilegt. Einnig nýttum við okkur bókasafnið í Lindaskóla.

Í fataherberginu var lögð áhersla á að fara með litla hópa í einu og börnin hvött til að hjálpa sér sjálf, þetta gekk misvel í upphafi en í lok skólaárs voru þau öll farin að klæða sig sjálf.

5.1 Umbótaáætlun Grænu lindar 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst og lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að samskipti barnahópsins verði góð	Leggja áherslu á að vera góð hvert við annað, ýta undir umhyggju og hjálpssemi innan hópsins. Vináttuverkefnið Blær	Melinda	Haust 24-vor 25	Gögnum safnað með skráningum Lesa bækur sem eru um samskipti og umhyggju	Efla sjálfstæði og að börnin þrói jákvæð tengsl við aðra
Sjálfbærni og vísindi	Kynnast mismunandi eiginleikum efna/hluta	Rækta fræ hafa sýnilegar tilraunir. Göngutúrar þar sem efniviði er safnað og síðan unnið með hann áfram.	Margrét	Haust 24-vor 25	Skráningar og metið í árslok og aftur að vori	Að börnin fái að prófa ólíkar leiðir til að rannsaka nánasta umhverfi sitt. Að þau fái að vinna með liti form og skugga með fjölbreyttum aðferðum.
Fataherbergi	Að börnin verði sjálfstæð og jákvæð með að klæða sig sjálf.	Fara með smærri hópa í einu og vera með sjónrænt skipulag fyrir þá sem þurfa.	Aðalheiður	Haust 2024-vor 2024	Árangur metinn í Des og svo aftur að vori	Að börnin verði meira sjálfbjarga fataherbergi og að þau geti metið hvernig þau eigi að klæðast

6 Innra mat Bláu Lindar

Leikskólaárið 2023-2024 voru 15 börn á Bláu lind, 13 fædd 2021 og 2 fædd árið 2022. Aðlögunin gekk mjög vel. Haustönnin einkenndist af því að kynna skólanum, leika sér inni og úti og fara í hópastarf. Hópastarfið gekk mjög vel, rík áhersla var lögð á heimaþekkingu og þá sérstaklega hvar þau eiga heima. Við unnum markvisst með heimaþekkinguna með aðaláherslu á heimilin okkar, staðan var sú að eftir veturinn vissu flest börnin hvar þau áttu heima og hvar hin börnin eiga heima. Ótrúlegt hvað þau hafa gott minni.



Lubbastund var hjá okkur einu sinni í viku og stundum oft, Lubbi er mikill vinur barnanna



og bera þau mikla virðingu fyrir honum. Lubbi var alltaf að segja okkur að vera dugleg að hlusta á sögur helst tvisvar á dag í leikskólanum. Við hlustuðum á Lubba og settum okkur markmið að vera dugleg að lesa fyrir börnin. Við óskuðum eftir því við foreldra að lesa fyrir börnin heima, þetta er svo mikilvægt síðar meir. Börnunum fannst svo spennandi að láta lesa fyrir sig úti, mjög sniðugt að hafa lesstund í útiveru.

Bangsinn Blær fór með okkur í hvíld, en stundum opnuðum við töskuna

hans og skoðuðum sérstaklega ef upp hafa komið árekstrar í samskiptum barnanna.



Í hópastarfinu vinnum við með hljóð vikunnar, grunnlitina , grunnform og heimabekkingu. Börnin gera þrjár sjálfsmyndir á skólaárinu. Foreldraviðtöl eru einu sinni á skólaárinu nema foreldrar óski eftir fleiri viðtölum. Við gerum TRAS málþroskaskráningu þegar þau eru um það bil 2 ára og 4. mánaða. Í framhaldinu boðum við til foreldrasamtals.

Við fórum í nokkrar vettvangsferðir á tímabilinu, Helga starfsmaður bauð okkur í heimsókn, nánasta umhverfi var skoðað og bókasafnið í Lindaskóla heimsótt.



6.1 Umbótaáætlun Bláa lindar 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst og lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að samskipti barnahópsins verði góð, efla sjálfstæði og þróa jákvæð tengsl við aðra.	Að taka vel á móti nýjum nemendum, gefa þeim þann tíma sem þau þurfa til að aðlagast nýjum aðstæðum. Skipta í minni hópa. Fá aðstoð frá Blæ, Bínu og Lubba.	Helga	Haust 24-vor 25	Gögnum safnað með skráningum. Lesa bækur sem eru um samskipti og umhyggju	Að barnahópurinn eigi góð samskipti og börnin sýni sjálfstæði í lok skólaárs.
Sjálfbærni og virðing	Vinna með mismunandi efnivið, áhersla á verðlaust efni og endurnýta t.d. súpudiska sem við endurnýttum	Nota til dæmis pappakassa í leik og síðar til listsköpunar. Við erum með blóm sem við höfum verið að rækta (steinar úr ávöxtum)	Od dny	2003	Skráningar með myndum	Bera virðingu fyrir öllu, ekki henda og kaupa nýtt
Læsi	Að auka læsi í skólanum. Lesa á spennandi stöðum.	Lesið að minnsta kosti 2var sinnum á dag fyrir börnin. Lubbastund einu sinni í viku. Nota hvert tækifæri til samskipta við börnin.	Sirry	Haust 2024	Skráning í bók	Að börnin læri að hlusta og kennari finnur bækur við hæfi hvers og eins
Útivera	Hvetja börnin til að leika sér úti, ekki leiða starfsmann alla leikskólagönguna. Lesa fyrir börnin úti	Starfsmaður er virkur í útiverunni og kennir barninu mismunandi leiki úti og að nota þau tæki sem eru í garðinum okkar. Starfsmaður er með sögustund í garðinum.	Ela	Haust 2024	Myndataka er besta skráningin	Flest börn líta á útiveru sem toppinn á tilverunni, ef við sjáum barn sem unni sér ekki úti vinnum við markvisst með það.

7 Innra mat sérkennslu

Sérkennsla

Leikskólinn er fyrsta skólastig fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna efli vináttubönd og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávík í þroska fá sérkennslu eða stuðning samkvæmt þeim reglum sem sveitarfélagið setur þar um.

Mat á sérkennslu 2024-2025

Skipulagning sérkennslu 2024-2025 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar? Hvernig var skráningu háttað, til dæmis í hópastarfi, einstaklingskennslu og fleira?	Framkvæmd sérkennslunnar er sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks deilda. Sérkennslustjóri, sérkennari ásamt deildarstjórum, skipulögðu þá vinnu sem fram fór síðastliðinn vetur. Ýmist var unnið með nemendum í einstaklingsþjálfun eða í litlum hópum. Samhliða því var mannauðurinn á deildinni nýttur, hópar minnkaðir og aldursskiptir. Lubbastundir voru á öllum deildum leikskólans 1x í viku og voru í höndum ákveðinna starfsmanna. Blær var 1x í viku á öllum deildum. Þessu námsefni er svo fléttað inn í nær allt daglegt starf leikskólans. Síðustu árin höfum við aukið lestur til muna í samverustundum og eins hefur verið lögð áhersla á yndislestur eins oft og tími gefst til. Lausnateymi Við fengum ráðgjafa frá leikskóladeild til þess að aðstoða okkur við að starta lausnateymi. Í lausnateyminu voru tveir starfsmenn, sérkennslustjóri og leikskólakennari. Lausnateymið er hugsað þannig að ef áhyggjur vakna af barni er leitað til lausnateymis sem ásamt deildarstjóra útbýr íhlutun sem deildin svo vinnur eftir. Stefnan er að gera þetta teymi virkara á næsta skólaári og bæta við einum starfsmanni í teymið.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fleira.	Tras, Hljóm-2, Efi-2, íslenski þroskalistinn, íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, AEPS, Hæfniramar í íslensku.

Umbótaáætlun sérkennslu

Oddbjörg Ragnarsdóttir ætlar að sjá um málörvunarhópa í vetur, einnig ætlar hún að sitja í lausnateyminu sem skipar þá þrjá starfsmenn. Lögð verður rík áhersla á að hafa það sem virkast meðal annars með því að kynna það vel fyrir starfsfólki og að það fundi á sex vikna fresti. Sérkennslustjóri ætlar að leggja áherslu á að eiga meiri samskipti við allar deildar og er stefnan að sitja deildarfundi á öllum deildum að minnsta kosti tvisvar á hvorri önn.

8 Þróunar- og nýbreytnistarf

Í vetur var stofnað lausnateymi og hefur vinnan farið vel af stað (sjá mat á sérkennslu 24-25).

Handbók um snemmtæka íhlutun, mál og læsi var einnig fullkláruð. Þróunarstarf um mat barna lýkur í haust og hefur vinnan gengið vel.

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild.

9 Símenntunaráætlun

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir starfið og sækja þau.

2024-2025

Námskeið	Hvenær	Hverjir
Skyndihjálp	Skipulagsdagur haust	Allt starfsfólk
Leikurinn	Skipulagsdagur haust	Allt starfsfólk
Erfið hegðun	Skipulagsdagur haust	Allt starfsfólk
Fyrirlestur um frjálstan leik	Skipulagsdagar haust/vetur	Allt starfsfólk
Réttindaskóli Unicef Kynningarfundur	19. september	Allt starfsfólk
Vinnustofa Unicef	24. september	Tengiliðir
Tengslamyndun	Október	Deildarstjórar
Ráðstefna FSL	September 2024	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Stjórnendadagur Kópavogs	Vor	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
HÍ leikskólafræði	Haust/vor	1 nemi

Námskeið sem farið var á 2023 – 2024

- Flestir starfsmenn hafa sinnt fræðslu og örnámskeiðum á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar.
- Allir starfsmenn hafa lokið BOFS námskeiði
- Stjórnendur hafa farið á Velferð á vinnustað námskeið og mannauðsráðgjafar verið með fræðslu á skipulagsdegi um verkefnið.
- Deildarstjórar fóru á námskeið hjá Kópavogsbæ.
- Trúnaðarmannanámskeið
- Stjórnendur fóru á stjórnendanámskeið hjá Þekkingarmiðlun
- Stjórnendadagur Kópavogsbæjar
- Kynning var á skipulagsdegi á snemmtækum stuðningi, tilkynningum til Barnaverndar og starfsemi Barnaverndar.
- Anna Magnea Hreinsdóttir var með fyrirlestur um innra mat og mat barna
- Farin var í námsferð til Kaupmannahafnar í maí þar sem unnið var með hópefli og vellíðan í starfi. Vísindasafnið var heimsótt og þar var boðið upp á fyrirlestur og kynningu.
- Teach skipulögð kennsla
- Fræðsla um svefn leikskólabarna

Skipulagsdagar - skólaárið 2024-2025

27. September – fyrirlestur um frjálsan leikinn og hlutverk kennarans – fyrirlestur um erfiða hegðun - deildarfundir

13. nóvember – skyndihjálparnámskeið og unnið að nýrri skólanámskrá

2. Janúar – skólastarfið fyrir vorönn 2024 undirbúið og skólanámskrá

12 Mars – fyrirlestur um nýju kaflana í aðalnámskrá leikskóla og deildarfundir

15. Maí – mat á innra starfi skólans og matsáætlanir

10 Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

10.1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

10.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

11 Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

12 Fylgigögn

12.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2024 – 2025
Leikskólinn Dalur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Silja Guðbjörg Hafliðadóttir

Heiðrún Ólöf Jónsdóttir

Linda Hrönn Ingadóttir

Umsögn foreldraráðs

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt fyrir starfsáætlun leikskólans Dals skólaárið 2024-2025.

Skólastarfið

Við erum ánægð með að verið sé að leggja mat á starf leikskólans. Einnig finnst okkur jákvætt að hæfilega margir þættir séu metnir í einu svo að starfið snúist ekki eingöngu um mat.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Gott að sjá að skólastarfið er í stöðugri þróun og sífellt sé reynt að betrumbæta starfið. Áhugavert verður að sjá matsbókina í notkun á þessu skólaári.

Hagnýtar upplýsingar:

Áhugavert er að sjá skiptingu barnahópsins innan leikskólans.

Foreldraráð saknar þess að sjá úrbótaáætlun á húsnæði og öryggismálum auk þess sem ánægjulegt hefur verið að fá upplýsingar um starfsmannahald í fyrri starfsáætlunum.

Jákvæðar athugasemdir sem settar hafa verið fram áður og eiga enn þá við :

- Það er mjög jákvætt að sjá yfirlit yfir þekkingaröflun starfsmanna á skipulagsdögum og eykur gagnsæi og skilning gagnvart starfinu sem fram fer hverju sinni. Einnig er ánægjulegt að sjá yfirlit yfir þau námskeið sem starfsmenn leikskólans hafa sótt á skólaárinu.
- Áætlunin er lýsandi fyrir starf leikskólans hverju sinni og gefur gott yfirlit yfir áherslur, aðferðir og útfærslur í starfinu.

Umbætur

Foreldraráð Dals vonar innilega að umbætur starfshóps Kópavogsbæjar til að betrumbæta starf leikskóla komi á móts við vinnutímastyttingu og þær erfiðu aðstæður sem þær aðgerðir hafa haft á faglegt starf á leikskólum. Einnig að tryggt verði að þær framfarir sem orðið hafa í leikskólum Kópavogs með nýrri gjaldskrá verði ekki teknar af börnum og starfsfólki

leikskólanna með því að fækka starfsfólki leikskólanna í takt við fækkun stunda sem hvert barn er í leikskólanum. Börnin okkar eiga betra skilið.

Niðurstöður

Starfsáætlun skólans er mikilvægt upplýsingarit fyrir starfsfólk og foreldra/forráðamenn barna á leikskólanum, hún er lýsandi fyrir starf leikskólans og gefur góða mynd af markmiðum og áherslum. Starfsáætlunin er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá Dals. Almennt eru börn og foreldrar mjög ánægð með skólastarfið og er augljóst að börnunum líður vel í leikskólanum í hlýju og örvandi umhverfi sem styður við þroska barnanna og námsfýsi þeirra. Í áætluninni í ár er hægt að sjá í stuttu máli hvaða þætti unnið var sérstaklega að á síðasta ári, hvernig það starf tókst og hvaða þættir verða teknir fyrir komandi skólaár. Uppsetning hennar greinir hana vel frá námskrá leikskólans sem kemur í veg fyrir að þeir sem vilja fræðast um starfið lendi í að tvílesa mikið af sömu upplýsingunum.

Starfsfólk skólans á mikið hrós skilið fyrir hlýjar móttökur, góða umönnun, frábæra kennslu og faglegt starf.

Á leikskólanum Dal virðist vera góður mórall og samstarfsandi. Upplifun okkar er sú að allir eru velkomnir og þeim er tekið vel á hverjum degi eins og um eina stóra fjölskyldu sé að ræða. Foreldraráð Dals telur starfið á Dal vera til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst fyrir hönd foreldraráðs:

Silja G. Hafliðadóttir